

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 16. apríl 2002

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun (709. mál) og tillögu að þingsályktun um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar (614. mál)**

Vísað er til mála nr. 709 og 614, frumvarps til laga um brottfall laga nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun og tillögu um þingsályktun um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar. Eftirfarandi er umsögn f.h. Bandalags háskólamanna (BHM).

BHM telur alltaf koma til álita að hagræða í opinberum rekstri enda sé gætt jafnræðis og meðalhófs og undirbúningur fari fram í samráði við þá sem eiga hlut að máli. Hins vegar telur BHM að það verði að vera hafið yfir allan vafa að tilefni til slíkrar hagræðingar hjá þeim sem fara með frumkvæðisvald – og eftir atvikum til niðurlagningar eins og hér um ræðir – sé ekki annað og óskýlt.

BHM gagnrýnir hinn skamma tíma sem ætlaður er þingmeðferð máls nr. 709 svo og allan óformlegan aðdraganda málsins hvað varðar skort á samráði við aðila vinnumarkaðarins og hlutaðeigandi stéttarfélög. Ekki virðist hafa verið haft samráð nema við ein heildarsamtök á vinnumarkaði – ASÍ – þrátt fyrir að Þjóðhagsstofnun hafi það hlutverk samkvæmt gildandi lögum að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir. BHM hefur m.a. óskað eftir slíku auk þess sem aðildarfélög BHM hafa nýtt sér þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar í aðdraganda kjarasamninga. Hefur það skipt miklu máli að sú spá sé ekki unnin hjá stærsta viðsemjanda stéttarfélaganna, sem er fjármálaráðherra f.h. ríkisins, heldur frá aðila utan framkvæmdarvaldsins. Í ljósi framangreinds er það lágmarkskrafa að jafnræðis verði gætt milli heildarsamtaka eigi að bæta aðilum fjárhagslega skerta þjónustu miðað við gildandi lög. ASÍ getur ekki gætt hagsmuna alls launafólks í landinu.

Loks gagnrýnir BHM að ekki skuli hafa verið haft samráð við stéttarfélög sem starfsmenn eru í, einkum Samband íslenskra bankamanna (SÍB).

Í ljósi framangreindrar gagnrýni leggst BHM gegn því að frumvarp ríkisstjórnarinnar, sbr. þingmál nr. 709, verði að lögum og tekur um leið undir þingsályktunartillögu, sbr. þingmál 614, þess efnis að sett verði á fót stjórnskipuð nefnd til þess að endurskoða starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar – þó með þeirri breytingu að í nefndinni sitji fulltrúar allra heildarsamtaka launafólks og viðsemjenda þeirra. Í þeirri nefndarvinnu yrði metið hvort og þá hvernig megi hagræða í starfi sem lýtur að úrvinnslu opinberra gagna svo og vinnumarkaðs- og hagfræðirannsóknum. Kæmi þá til álita hvort unnt væri að láta slíka stofnun heyra undir sameiginlega stjórn aðila vinnumarkaðarins.

Tekið skal undir efnisatriði í umsögn SÍB um mál nr. 709.

Virðingarfyllt,  
f.h. BHM,

Björk Vilhelmsdóttir,  
formaður BHM.

Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.